

## 17. gr.

2/3 hlutar fulltrúaráðs geta ákveðið að leggja Hjálparstofnunina niður, skulu þá allar eigur hennar renna til líknarmála á vegum kirkjunnar, eftir nánari ákvörðun stjórnar og fulltrúaráðs.

## 18. gr.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari ná fram að ganga, ef þær hljóta fylgi 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi og staðfestingu dómsmálaráðuneytisins.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt á aðalfundi stofnunarinnar 30. júní 1989.

## 19. gr.

Skipulagsskrá þessari var breytt á aðalfundi Hjálparstofnunar kirkjunnar 25. apríl 1992. Kemur skipulagsskráin í stað skipulagsskrár Hjálparstofnunar kirkjunnar nr. 595 frá 19. desember 1989.

Ákvæði til bráðabirgða: Reikningsárið 1992 verður frá 1. janúar til 30. september.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1992.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

Fanney Óskarsdóttir.

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 265 8. júlí 1992, um loðnuveiðar 1992/1993.**

## 1. gr.

Með reglugerð þessari er felldur úr gildi 1. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 265 8. júlí 1992, um loðnuveiðar 1992/1993, sbr. reglugerð nr. 313 21. ágúst 1992.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. september 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.